

Björgun ehf.
Gunnlaugur Kristjánsson
Sævarhöfða 33
110 REYKJAVÍK

2007110080
0000; 9310

Reykjavík, 4. apríl 2008
/--

Efni: Efnistaka Björgunar ehf. af hafsbotni í sunnanverðum Faxaflóa. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Björgunar ehf. að matsáætlun um efnistöku af hafsbotni í sunnanverðum Faxaflóa.

Skipulagsstofnun barst með bréfi VGK - Hönnunar dags. 22. janúar 2008 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

Björgun ehf. Efnistaka af hafsbotni í sunnanverðum Faxaflóa. VGK - Hönnun. 22. janúar 2008.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Hafrannsóknarstofnuninni, iðnaðarráðuneyti, Orkustofnun, Siglingastofnun og Umhverfisstofnun. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Hafrannsóknarstofnuninni með bréfi dags. 18. febrúar 2008, iðnaðarráðuneyti með bréfi dags. 12. mars 2008, Orkustofnun með bréfi dags. 26. febrúar 2008, Siglingastofnun með bréfi dags. 4. febrúar 2008 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 15. febrúar og 5. mars 2008. Athugasemdir bárust frá Arnþóri Garðarssyni með tölvupósti 29. janúar 2008, Landsambandi íslenskra útvegsmanna með bréfi dags. 8. febrúar 2008, Náttúrustofu Reykjaness með bréfi dags. 8. febrúar 2008, Rannveigu Grétarsdóttur með tölvupósti dags. 30. janúar 2008 og umhverfisnefnd Álftaness með tölvupósti dags. 11. febrúar 2008. Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna og athugasemda með bréfi dags. 17. mars og tölvupósti dags. 17. mars 2008.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Björgunar ehf. að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í bréfi og tölvupósti Björgunar ehf. dags. 17. mars 2008 og með eftirfarandi athugasemdum.

Framkvæmd og starfssemi. Efnistaka og grunnástand. Í umsögn Orkustofnunar er óskað eftir að í frummatsskýrslu komi fram upplýsingar um hve mikið magn af mól og sandi hafi verið tekið úr hverri námu fyrir sig í nágrenni Syðra-Hrauns á tímabilinum 1997 - 2007, auk sömu upplýsinga fyrir skeljasandstöku í Faxaflóa fyrir sama tímabil. Í umsögn Hafrannsóknastofnunar er óskað eftir að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir hve mikið af mól annars vegar og skeljasandi hins vegar hafi verið numið úr Faxaflóa frá upphafi efnistöku Björgunar. Framkvæmdaraðili svarar því til að leyfisveitandi hafi ekki krafist þess að hann safnaði sundurliðuðum gögnum eftir námum á tímabilinu 1990 - 2000. Slíkum upplýsingum hafi verið haldið til haga á árunum 2000 - 2005 og þær sendar Orkustofnun. Þær upplýsingar verði birtar í frummatsskýrslu.

Í umsögn Orkustofnunar er óskað eftir að í frummatsskýrslu verði gerð ítarlega grein fyrir grunnástandi efnistökusvæða árið 2008. Framkvæmdaraðili svarar því til að dýptarkort af námum Björgunar, eins og þær voru árin 2005 og 2008 munu fylgja frummatsskýrslu. Lífríkisrannsókn muni segja til um stöðu lífríkis á botni námanna og næsta nágrennis þeirra.

Til að meta umhverfisáhrif framkvæmdarinnar leggur Skipulagsstofnun mikla áherslu á að í frummatsskýrslu sé gerð góð grein fyrir grunnástandi efnistökusvæðanna og næsta nágrennis þeirra. Stofnunin telur að kort sem sýni dýpi námanna 2005 og 2008, ásamt flatarmáli þeirra gefi vísbendingar um hve mikið efni hafi verið tekið af svæðunum frá upphafi efnistökkunnar 1990, til viðbótar skráningum fyrirtækisins sem verði birtar.

Efnisnám og þörf. Í umsögnum Orkustofnunar kemur fram ósk um að í frummatsskýrslu verði greint frá áætlaðri efnistöku fyrir hvert efnistökusvæði. Í umsögn iðnaðarráðuneytis er bent á að mikilvægt sé að í frummatsskýrslu verði gerð einhver grein fyrir þeim framkvæmdum þar sem framkvæmdaraðili telur að efni úr Faxaflóa verið notað sem fyllingarefni. Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í frummatsskýrslu verði birt gróf áætlun varðandi sókn í námur sem byggja á fyrirliggjandi gögnum frá árinu 2000. Aftur á móti sé erfitt að áætla nákvæma efnistökuþörf úr hverri námu, þar sem óvissa sé um hver efnisþörf verði vegna stórframkvæmda á næstu árum. Á þessu stigi sé því ætlunin að sækja um leyfi fyrir töku á 25 milljón m³ sem sé nokkuð rífleg áætlun.

Í umsögn Orkustofnunar er óskað eftir að í frummatsskýrslu komi fram nákvæm fjarlægð efnistökusvæða frá landi og í athugasemd umhverfisnefndar Álftaness koma fram áhyggjur af nálægð námuvinnslu við land. Framkvæmdaraðili svarar því til að allar námurnar verði meira en 1000 m utan við 10 m dýptarlínur og að í frummatsskýrslu verði efnistökusvæðin sýnd á einu yfirlitskort og einnig sýnd mörk náma eins og þau verða á leyfistímabilinu.

Skipulagsstofnun bendir á að í frummatsskýrslu þarf að koma fram dýpt námuvinnslusvæða fyrir efnistöku og áætlun um dýpi náma að henni lokinni. Hnitsetja þarf hverja námu fyrir sig og gefa upp fjarlægð frá landi. Leiði rannsóknir og athuganir í ljós að áhrif námuvinnsunnar gæti út fyrir vinnslusvæðið sjálft, þarf að skilgreina áhrifasvæði hvernar námu fyrir sig, t.d. með tilliti til gruggdreifingar.

Efnistökuáðferð. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að framkvæmd efnistökkunnar, sérstaklega hvort efnid sé flokkað (sigtað) í dæluskipinu geti haft áhrif á gruggmyndun. Framkvæmdaraðili svarar því til að slík sigtun efnis eins og víða tíðkast erlendis muni ekki eiga sér stað um borð í dæluskipi.

Skipulagsstofnun tekur fram að mikilvægt er að í frummatsskýrslu verði efnistökuáðferðinni lýst á greinargóðan hátt, svo hægt sé að átta sig á hugsanlegum umhverfisáhrifum hennar.

Áhrif framkvæmda. Jarðfræði. Í umsögn Orkustofnunar er m.a. óskað eftir ítarlegri umfjöllun um gerð efnis af efnistökusvæðunum þar á meðal um kornastærð. Í umsögn iðnaðarráðuneytis er bent á að í lögum nr. 73/1990 m.s.b., sé gert ráð fyrir að í nýtingarleyfi skuli m.a. fjallað um gerð efnis, magn og nýtingarhraða. Því verði að gera grein fyrir gerð efnis í hverri námu. Framkvæmdaraðili svarar því til að ekki liggi fyrir upplýsingar um efnisgerð á svæðum þar sem enn hafi ekkert verið tekið efni, t.d. á Fláskarði, Ólastað, Melakrika og Hafnarfirði 1 -3, en upplýsingar um kornastærð efnis frá Sandhala liggi fyrir og verði birtar í matsskýrslu. Aftur á móti megi e.t.v. hugsa sér að nota yfirborðssýni vegna botndýrarannsóknna til þess að gera grein fyrir kornastærð efnis á þeim svæðum þar sem þau verði tekin, en það sé skoðun framkvæmdaraðila að ekki sé hægt að nota þau yfirborðssýni til að álykta um efnisgerð í námunum með nokkurri nákvæmni. Orkustofnun muni hins vegar sem eftirlitsaðili fá sendar upplýsingar um kornastærð og efnisgerð þess efnis sem kemur að landi.

Skipulagsstofnun bendir á að í frummatsskýrslu þarf að fjalla um eðlisræna þætti fyrir hverja námu fyrir sig, það er efnisgerð, kornastærð, magn efnis sem talið er að sé þar til staðar, hversu mikið áformað sé að vinna og nýtingarhraða. Þá verði fjallað um tilurð setsins í jarðsögulegu samhengi og útbreiðslu jarðmyndunarinnar sem náma er fyrirhuguð í. Þetta er sambærilegt við það sem framkvæmdaraðili ætlar að gera grein fyrir varðandi mat á efnisnámi á hans vegum í Hvalfirði. Skipulagsstofnun telur að um leið og sýni verða tekin til botndýrarannsóknna eigi að greina kornastærð yfirborðslags og greina frá þeim niðurstöðum í frummatsskýrslu. Skipulagsstofnun telur að framangreindar upplýsingar séu nauðsynlegar til þess að hægt sé að greina umhverfisáhrif framkvæmdarinnar, m.a. gruggmyndun og hugsanleg áhrif á hrygningarsvæði stofna sem hrygna botnlægum eggjum.

Orkustofnun óskar jafnframt í umsögn sinni eftir ítarlegri gögnum um gæði efnis á hverju efnistökusvæði fyrir sig. Framkvæmdaraðili telur að umræða um efnisgæði eigi ekki erindi í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda.

Skipulagsstofnun bendir á að ef mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar efnistöku bendir til þess

að hún hafi neikvæð áhrif sé nauðsynlegt að fyrir liggi ítarlegar upplýsingar um gæði efnisins og notkun þess, til þess að réttlæta vinnsluna. Einnig kunni að vera nauðsynlegt að gera grein fyrir gæðum efnis úr einstaka námu á síðari stigum t.d. þegar kemur að leyfisveitingum. Framkvæmdaraðila er bent á að hafa þetta í huga við gagnasöfnun.

Öldufar og landbrot. Í umsögum Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar er óskað eftir að gerð verði grein fyrir áhrifum efnistöku á nærliggjandi strandsvæði og hvort líkur séu á strandrofi. Framkvæmdaraðili svarar því til að nákvæmar upplýsingar um fjarlægð efnistökgryfja frá stórstraumsfjöruborði verði gefnar upp í frummatsskýrslu og jafnframt verði rökstudd umfjöllun um hvers vegna ekki standi til að rannsaka strandrof vegna fyrirhugaðra náma. Helstu rökin eru að við innanverðan Faxaflóa eru stendur úr föstu bergi, efnistaka í 3-8 km fjarlægð hafi engin áhrif á stendurnar og að á milli efnistökusvæða og stranda séu grynningar úr grágrýti og nútímahraunum, sem ráða öllu um áhrif ölduhreyfinga á stendurnar.

Skipulagsstofnun fellst á að vegna sjávardýpis og staðsetninga námanna sé ekki nauðsynlegt að rannsaka sérstaklega hættu á strandrofi vegna efnistökkunnar. En stofnunin telur mikilvægt að í frummatsskýrslunni verði, út frá fyrirbyggjandi þekkingu um aðstæður í Faxaflóa, rökstudd umfjöllun um hvers vegna ekki sé hættu á strandrofi af völdum fyrirhugaðrar efnistöku.

Gruggmyndun og tilfærsla á seti. Í umsögnum Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar kemur fram ósk um að á fullnægjandi hátt verði gerð grein fyrir áhrifum efnistöku á gruggmyndun. Í athugasemdum Arnþórs Garðarssonar er fjallað um flutning á fínu lífrænu seti og telur hann að líkleg umhverfisáhrif af starfseminni felist m.a. í tilfærslu á lífrænu seti frá námusvæðum. Dæling efnis af hafsbotni skilji eftir þungt grugg, líklega ólífrænt, sem sökkvi á staðnum en fínna gruggið, líklega lífrænt berist burtu með straumi og gæti dreifst á önnur svæði. Arnþór telur nauðsynlegt að þessar stærðir verði mældar m.t.t. næringargildis setsins. Framkvæmdaraðili svarar því til að í frummatsskýrslu sé fyrirhugað að gera grein fyrir líklegum afdrifum og áhrifum gruggs. Ýmsar rannsóknir hafi farið fram erlendis á dreifingu gruggs og verði þær nýttar til að lýsa afdrifum gruggsins og ályktanir dregnar m.t.t. aðstæðna í Faxaflóa. Hins vegar hafi ekki verið ætlunin að leggja áherslu á rannsóknir á tilfærslu á lífrænu seti við umhverfismat fyrirhugaðrar framkvæmdar.

Skipulagsstofnun leggur áherslu á að í frummatsskýrslu verði byggt á nýjustu heimildum, reynslu framkvæmdaraðila og gögnum um ríkjandi hafstrauma þegar fjallað verður um afdrif gruggs og möguleg umhverfisáhrif þess. Stofnunin telur mikilvægt að í frummatsskýrslu komi fram áætlað umfang gruggmyndunar og í ljósi þess sé skoðað hvort ástæða sé til að afmarka frekar áhrifasvæði framkvæmdarinnar, sem nær þá e.t.v. út fyrir afmörkun sjálfra námuvinnslusvæðanna. Áhrifasvæðin gætu e.t.v. fallið innan þekktra veiðislóða. Þá óskar Skipulagsstofnun eftir því að framkvæmdaraðili geri í frummatsskýrslu grein fyrir ástandi botnsins að efnistöku lokinni, þannig að fram komi hvort að þá megi búast við gruggmyndun/losun frá einstökum efnistökusvæðum vegna þess að fínt efni hafi lagst yfir svæðið á framkvæmdatíma eða að þar séu fínkorna setlög sem kunni að gruggast upp. Varðandi tilflutning á lífrænu seti vegna efnistöku telur Skipulagsstofnun að fjalla þurfi um þann þátt í frummatsskýrslu í ljósi erlendra rannsókna og fyrirbyggjandi vitneskju um aðstæður

við námuvinnslusvæðin. Þá telur Skipulagsstofnun að í vöktunaráætlun þurfi að gera grein fyrir hvaða upplýsingum ætlunin er að skila til Orkustofnunar, sem eftirlitsaðila, en með þeim fengist betri vitneskja um gerð námuvinnslusvæðanna og hugsanleg umhverfisáhrif þeirra m.t.t. gruggmyndunar og tilfærslu á lífrænu seti sem kynni að vera undirstaða mótvægisáðgerða og frekari leyfisveitinga.

Líffræði og nytjar. Í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar er óskað eftir að sem skýrast verði gerð grein fyrir áhrifum malar- og skeljasansdstöku á lífsskilyrði nytjastofna og hrygningu, sérstaklega þeirra tegunda sem hrygna botnlægum eggjum á svæðinu. Stofnunin hefur efasemdir um þá fullyrðingu sem fram kemur í tillögu matsáætlunar um að efnistakan leiði eingöngu til tímabundinna breytinga á lífríki sjávarbotns þar sem efnitakan eigi sér stað. Stofnuninni finnst líklegt að finna efni muni setjast á námuvsæðin en var þar áður, sem leiði sennilega til annarskonar botndýralífs á svæðinu en var þar fyrir röskunina. Í athugasemdum Náttúrufræðistofu Reykjaness, Landssambands íslenskra útvegsmanna og Arnþórs Garðarssonar er bent á mikilvægi þess að huga að áhrifum efnistökkunnar á viðkomu sandsílastofnsins. Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að gera þurfi grein fyrir aðstæðum á hverju efnistökusvæði þannig að unnt sé að lýsa verndargildi lífríkis sem þrífst á, í og við mismunandi botngerðir. Þá verði greint frá þeim öflum sem hafa áhrif á setflutninga á hafsbotni og hvernig samspil þeirra og aðstæðna á hverjum stað getur haft áhrif á landnám lífvera að efnistöku lokinni. Einnig vekur stofnunin athygli að í erlendum heimildum sé bent á að hugsanlega megi flýta landnámi upphaflegra tegunda raskaðra svæða ef þess sé gætt að skilja eftir lag við lok efnistöku sem sambærilegast við grófleika óraskaðs hafsbots. Framkvæmdaraðili svarar því til að lífríkisrannsókn muni svara ýmsum ofangreindra spurninga. Í umfjöllun um lífríki og landnám lífvera verði að auki stuðst við fjölmargar erlendar rannsóknir. Út frá fyrirhugaðri lífríkisrannsókn og erlendum heimildum verði dregin ályktun um möguleg áhrif efnistöku og landnám lífvera í gryfjunum í kjölfar efnistökkunnar. Varðandi áhrif efnistökkunnar á sandsíli tekur framkvæmdaraðili fram að í frummatsskýrslu verði byggt á væntanlegri greinargerð Hafrannsóknastofnunarinnar.

Skipulagsstofnun leggur áherslu á í að frummatsskýrslu verði greint frá botngerð og aðstæðum í, á og við hvert efnistökusvæði m.t.t. hvort þar sé að hugsanlega að finna mismunandi lífríki. Út frá fyrirbyggjandi gögnum verði einnig reynt að áætla hversu stórt hlutfall mikilvægra búsvæða nytjastofna í Faxaflóa muni raskast við efnistökkuna. Þá verði greint frá hvernig hugsanlegt sé að setgerð muni breytast innan og í nágrenni efnistökusvæðanna og hvaða áhrif það muni hafa á landnám lífvera og hugsanlega afkomu þeirra lífvera sem hrygna botnlægum eggjum.

Í athugasemdum Arnþórs Garðarssonar og Náttúrufræðistofu Reykjaness kemur fram gagnrýni á að ekki standi til að tegundagreina burstaorma, sem séu ríkjandi hópur í botndýrafánu sjávar, til tegunda. Því sé ekki hægt að fullyrða um varðveislugildi botnfánunnar út frá líffræðilegum fjölbreytileika. Þá gerir Arnþór Garðarsson athugasemdir við að ekki sé greint nánar frá aðferðum við sýnatöku botndýrasýna. Framkvæmdaraðili svarar því til að við ákvarðanatöku um hvernig ætti að standa að lífríkisrannsókn hafi niðurstaðan verið að tegundafjöldi burstaorma myndi ekki svara þeirri spurningu sem lagt var upp með í upphafi, þ.e. hvort um væri að ræða botnfánu með varðveislugildi. Áhersla hafi verið lögð á að greina aðrar tegndir

og beina sjónum að tegundum sem hugsanlega væru með takmarkaða útbreiðslu.

Skipulagsstofnun leggur áherslu á að í frummatsskýrslu komi fram greinargóð lýsing á því hvernig sýnatöku vegna rannsókna á botndýralífi var háttað og út frá hverju sé gengið þegar fjallað er um „varðveislugildi“ botndýrafánunnar. Ef ætlunin er að tengja varðveislugildið líffræðilegum fjölbreytileika, þarf að koma fram að það sé með þeim annmarka að ekki liggi fyrir tegundagreining burstaorma. Skipulagsstofnu telur hins vegar æskilegt að við botnsýnatöku sé burstaormum haldið til haga og þeir varðveittir, þannig að hugsanlega megi tegundagreina þá síðar og nota þær niðurstöður við framtíðarvöktun á svæðinu. Þá telur stofnunin að í frummatsskýrslu sé ekki nóg að fjalla um dýralífið á grundvelli fjölda dýra og hugsanlegs fágætis, helur komi fram hvaða mögulegum hlutverkum dýrin gegna í vistkerfi svæðisins, þ.e. hverjar geti kallast lykiltegundir.

Fuglalíf. Náttúrustofa Reykjaness telur nauðsynlegt að athuga áhrif efnistöku á fuglalíf við Faxaflóa því Syðra- Hraun sé að öllum líkindum mikilvægasta fuglasvæði sjófugla við Faxaflóa. Þrátt fyrir að námusvæðin séu neðan fæðusvæða fugla gæti námuvinnslan haft truflandi áhrif á fuglalíf, auk þess sem fæðuskilyrði gætu rýrnað verulega. Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að hann telji fuglalíf ekki vera einn þeirra lykilþátta sem fjalla þyrfti um vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, þar sem námur séu á það miklu dýpi.

Skipulagsstofnun er sammála nauðsyn þess að fyrir liggi þekking á því hvort fyrirhugðu efnistaka kann að hafa veruleg áhrif á fuglalíf í Faxaflóa. Fram kemur í athugasemdum að Syðra-Hraun sé að öllum líkindum mikilvægasta svæðið á flóanum fyrir sjófugla og að efnistakan gæti bæði truflað fuglalíf og rýrt fæðuskilyrði verulega. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir þeirri þekkingu sem er á fuglalífi á Syðra-Hrauni og mikilvægi svæðisins fyrir sjófugla á Faxaflóa. Jafnframt þarf að fjalla um á hvern hátt efnistakan kann að trufla fuglalíf, rýrt fæðuskilyrði þeirra og leggja mat á þau áhrif á stofna sjófugla á Faxaflóa.

Fiskveiðar. Í athugasemd Landssambands íslenskra útvegsmanna er óskað eftir því að samvinna verði við útgerðaraðila á svæðinu um að rannsaka áhrif efnistöku á notkun veiðarfæra og lífríki. Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að fundað hafi verið með dragnótaveiðimönnum í Faxaflóa og á grundvelli þeirra skoðanaskipta verði gerð grein fyrir hugsanlegum hagsmunaárekstrum í frummatsskýrslu.

Skipulagsstofnun telur mikilvægt að út frá gögnum Hafrannsóknarstofnunarinnar og þeirri vitneskju sem fyrir liggur um þekkt veiðisvæði þá verði greint frá þeim í frummatsskýrslu og þau sýnd á yfirlitskortum ásamt staðsetningu námanna. Jafnframt verði greint frá hugsanlegum áhrifum efnistöku á fiskveiðar að höfðu samráði við LÍÚ.

Aðrar nýttjar. Í athugasemd Náttúrustofu Reykjaness er talið að svæðið í kringum Syðra - Hraun sé mikið nýtt við hvalaskoðun og fuglaveiðar og meta þurfi áhrif efnistöku á þá starfsemi. Framkvæmdaraðili svarar því til að hingað til hafi ekki komið til hagsmunaárekstra vegna þess og ekki sé gert ráð fyrir að svo verði. Skipulagsstofnun telur að í frummatsskýrslu þurfi að greina frá nýtingu fyrirhugaðra efnistökusvæðatil hvalaskoðunar og

fuglaveiða og hugsanlegum áhrifum efnistökkunnar á hana að höfðu samráði við hagsmunaaðila.

Afrit: Umhverfisráðuneyti, Hafrannsóknastofnunin, iðnaðarráðuneyti, Orkustofnun, Siglingastofnun og Umhverfisstofnun. Arnþór Garðarsson, Landsamband íslenskra útvegsmanna, Náttúrustofa Reykjanes, Rannveig Grétarsdóttir, umhverfisnefnd Álftanes, Rúnar D. Bjarnason VGK - Hönnun.

Rut Kristinsdóttir

Þóroddur Fr. Þóroddsson